

Ed.

395. Breytingartillögur

[173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 20. gr. Í stað 2. másl. 1. málgr. komi:

Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

2. Við 110. gr. Á eftir „17. gr.“ komi: 3. málgr. 27. gr.